

Rovers- og hjálparsveit skáta Akureyri

2021/67

Rovers- og hjálparsveit skáta á Akureyri var formlega stofnuð 17. janúar 1971, Haldinn var stofnfundur í útileguskálanum á Fálkafelli, síðar var haldinn framhaldsstofnfundur á Akureyri þar sem 21 skrifuðu undir stofnskrána. Fyrsti formaður sveitarinnar var Þorsteinn Pétursson. Nafni Rovers- og hjálparsveitar skáta á Akureyri var síðar breytt í Hjálparsveit skáta Akureyri (HSSA) og hefur hún frá stofnun verið aðili að Landssambandi hjálparsveita skáta (LHS)

Aðalástæður fyrir stofnun sveitarinnar voru þær að á þessum árum var stór hópur manna sem hafði lokið dróttskátastarfi og var við að detta úr tengslum við skátafélagið. Það var því nauðsynlegt að virkja þessa menn innan félagsins. Þeir höfðu mikla og víðtæka reynslu í ferðamennsku og almennum skátastörfum. Einnig þótti ljóst að á komandi árum myndi þessum hópi manna fjölga ef ekkert yrði að gert.

Sveitinni var skipt í nokkra flokka sem störfuðu hver í sínu lagi en einnig var haldið sameiginlegt sveitarstarf og farnar sameiginlegar æfingarferðir. Meðal þessara flokka voru skyndihjálparflokkur, útlífisflokkur og stjórnstöðvarflokkur. Einnig nýliðaflokkur sem þeir sem vildu verða meðlimir HSSA þurftu að starfa í að minnsta 2 ár og ljúka við ákveðin grunnnámskeið til að verða fullgildir meðlimir sveitarinnar.

Í byrjun átti sveitin að vera „léttvopnuð“ göngusveit þar sem hver félagi ætti sjálfur nauðsynlegan einstaklingsbúnað og farið yrði á einkabílum ef það þyrfti að fara lengra. Síðar þótti æskilegt að sveitin eignaðist snjósleða, svo kerru, svo bíl til að draga kerruna o.s.frv. og þannig vatt tækjabúnaður sveitarinnar upp á sig.

1975 fékk sveitin húsnæði undir snjósleða sína í hluta af bragga sem Rarik átti. 1976 fékk sveitin 2/3 hluta af bragganum til afnota og var það formlega tekið í notkun 25. mars 1976 og nefnt Glaumbær.

30. október 1999 varð Björgunarsveitin Súlur til þegar að HSSA, Flugbjörgunarsveitin og Sjöbjörgunarsveitin Súlur sameinuðust í eitt. Súlur hélt áfram flugeldasölu til fjáröflunar sem að HSSA hafði staðið fyrir frá árinu 1971.

Afhendingin barst frá Birni Sverrissyni. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

21. nóvember 2024

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2021 / 67

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

A - Rovers- og hjálparsveit skáta**A - Rovers- og hjálparsveit skáta****1970 - 1972**

A	1	1	1970 - 1972	Rekstursreikningur
A	1	2	1971 - 1971	Fundargerðabók